



Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. október 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2025, 1. mál

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) um frumvarp til laga um fjárlög fyrir árið 2025, 1. mál.

Hér í framhaldi er að finna samantekt yfir helstu áherslur SI ásamt ítarlegri umfjöllun um einstaka málaflokka.

Styrkja þarf framboðshlið hagkerfisins

- Öflugur iðnaður er undirstaða góðra lífskjara á Íslandi. Verðmætasköpun hagkerfisins á mann var í fyrra sú mesta sem mælst hefur á Íslandi og einnig mikil í alþjóðlegum samanburði. Iðnaður stendur að baki verulegum hluta verðmætasköpunar í hagkerfinu, útflutningstekna Íslands, starfa í landinu og skatttekna hins opinbera. Framlag iðnaðar til efnahagslegrar velmegunar er háð starfsumhverfi hverju sinni. SI fagna í þessu sambandi þeim áherslum sem fram koma í frumvarpinu um að stuðla eigi að aukinni samkeppnishæfni.
- SI telja mikilvægt að í ríkisfjármálum sé forgangsraðað í þágu þeirra þátta sem styrkja framboðshlið hagkerfisins. Þeir þættir sem mestu skipta eru starfsumhverfi, mannauður, nýsköpun og innviðir en einnig orku- og umhverfismál. Tryggja þarf aukið framboð af grænni orku til fullra orkuskipta og uppbyggingar í iðnaði um allt land, fjölga þarf iðn-, tækni- og verkmenntuðu starfsfólki, greiða þarf götu framkvæmda og setja kraft í innviðafjárfestingu, ekki síst í samgöngum, húsnæði og orkuskiptum. Með því að styrkja framboðshlið hagkerfisins skapa stjórnvöld skilyrði fyrir bæði stöðugleika og aukna verðmætasköpun hagkerfisins.
- Með forgangsröðun í þágu ofangreindar þátta styrkja stjórnvöld samkeppnishæfni Íslands og mynda forsendur fyrir aukna framleiðni, sem aftur leiðir til betri lífsgæða fyrir landsmenn. Samtökin fagna því sérstaklega þeim áherslum í frumvarpinu sem styðja framboðshlið hagkerfisins. Með umbótum stjórnvalda á þessum sviðum eflist geta hagkerfisins til að skapa verðmæti og störf sem bætir lífskjör landsmanna.

Starfsumhverfi

- SI hvetja stjórnvöld til þess að beita sér fyrir stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi með markvissum aðgerðum og efla samkeppnishæfni Íslands. Hátt útgjaldastig ríkisins er áhyggjuefni og skort hefur aðhald í útgjöldum hins opinbera á undanförunum árum. Með aðhaldi er hægt að vinna á skuldum hins opinbera og leggjast á árar með Seðlabankanum og aðilum vinnumarkaðarins í að tryggja stöðugleika og forsendur lægri vaxta og aukinnar verðmætasköpunar hagkerfisins.
- Gullhúðun íslenskra stjórnvalda við innleiðingu evrópsks regluverks hefur verið algeng og oft á tíðum án rökstuðnings. Slíkt grefur undan EES-samningnum ásamt því að kosta samfélagið stórfé ár hvert. SI kalla eftir því að stjórnvöld taki ábyrgð í þessum

efnum og setji samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs í forgrunn. Það er ekki efnahagslega ábyrgt að gera ríkari kröfur til fyrirtækja hér á landi en gengur og gerist í ríkjum Evrópusambandsins. Alþingi verður að gera þá kröfu til ráðuneyta að frávik frá lágmarkskröfum séu rökstudd með fullnægjandi hætti að höfðu samráði við hagaðila við innleiðingu á evrópsku regluverki í íslenskan rétt.

- SI hefðu viljað sjá skýra áætlun stjórnvalda um lækkun á opinberum álögum á næstu árum þar sem markmiðið væri að styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins. Skattaumhverfið þarf að vera stöðugt, álögur lágar, lagaheimildir og regluverk skýrt og skattframkvæmdin fyrirsjáanleg. Stefna stjórnvalda þar sem leiðarljósið er lágir skattar og að gjaldtaka sé í samræmi við helstu samkeppnislönd skapar mikilvægan þátt í samkeppnishæfni fyrirtækja.
- SI hvetja stjórnvöld til þess að huga að skilvirku og fyrirsjáanlegu starfsumhverfi með endurskoðun og einföldun regluverks ásamt hóflegu eftirliti að leiðarljósi.
- Umsvif hins opinbera á vinnumarkaði eru áhyggjuefni. Fjölgun opinberra starfsmanna er nokkuð stöðug ef horft er langt aftur í tímann og kjör opinberra starfsmanna eru gjarnan betri en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. SI hvetja stjórnvöld til að taka ábyrgð í þessum efnum og beita sér fyrir heilbrigðum og samkeppnishæfum vinnumarkaði.

Íbúðarhúsnæði og samgönguinnviðir

- Mikill og alvarlegur íbúðaskortur hefur verið hér á landi um nokkurt skeið. Landsmönnum hefur fjölgað hratt og of fáar íbúðir hafa verið byggðar miðað við þörf. Tæplega helming verðbólgunnar um þessar mundir má skýra með hækkun húsnæðisverðs og hefur hlutur húsnæðis í verðbólgunni farið vaxandi undanfarið. Of fáar íbúðir hafa verið byggðar undanfarin ár miðað við þarfir landsmanna og þess vegna ríkir ójafnvægi á húsnæðismarkaði. Samdráttur er í uppbyggingu íbúða sem rekja má til hás fjármagnskostnaðar og til lóðaskorts. SI telja að stjórnvöld þurfi að ráðast að rótum þess framboðsvanda sem nú er á húsnæðismarkaði með aðgerðum sem draga úr takmörkunum og töfum, s.s. með auknu lóðaframboði. Ríkið þarf að huga að lagasetningu til að heimila inngrip í skipulagsmál sveitarfélaga við þessar aðstæður þar sem uppbygging mætir ekki þörfum samfélagsins.
- Auk aukins lóðaframboðs á vegum sveitarfélaga geta stjórnvöld haft jákvæð áhrif á framboðshliðina með veitingu hlutdeildarlána þar sem þau eru til þess fallin að styðja við framboðshlið húsnæðismarkaðarins, enda er lánveiting bundin við kaup á nýju húsnæði. Samtökin vilja þó benda á að efndir stjórnvalda þegar kemur að útgreiðslu lánanna hafa verið óásættanlegar undanfarna mánuði. Mikilvægt er að endurskoða verkferla við úthlutun lánanna og móta trausta umgjörð þeirra. Traust þarf að ríkja á markaði um að stjórnvöld standi við gefin loforð og úthluti hlutdeildarlánum á tilsettum tíma.
- SI mótmæla ákvörðun stjórnvalda um lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 60% niður í 35%, sem tók gildi um mitt síðastliðið ár, þar sem sú aðgerð hefur leitt til samdráttar á uppbyggingu íbúða, þvert á yfirlýst markmið stjórnvalda.
- Uppsöfnuð viðhaldspörf samgönguinnviða á Íslandi nam 180-200 ma.kr. árið 2021 samkvæmt skýrslu SI og FRV um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi. Síðan þá virðist staðan hafa versnað þannig að mun meira fjármagn þarf nú til viðhalds og endurbóta.
- SI lýsa ánægju með að samkvæmt frumvarpinu eigi að auka við framlög til samgöngumála. En betur má ef duga skal. Þrátt fyrir mikilvægi sterkra vegasamgangna

og fjárfestinga í vegakerfinu hefur ekki verið fjárfest nægjanlega í kerfinu undanfarin ár og viðhaldi þess ekki sinnt sem skyldi.

Nýsköpun

- Fjárfesting í rannsóknum og þróun (R&D) styrkir framboðshlið hagkerfisins og vilja SI því hvetja stjórnvöld áfram á þeirri vegferð að styðja við fjárfestingu í R&D með skattahvötum. Samtökin leggja mikla áherslu á að skattahvatar vegna R&D verði festir í sessi til lengri tíma en fimm ára í senn en það mun gera fyrirtækjum kleift að gera langtímaáætlanir og skapa fyrirsjáanleika. Dæmin sýna að þessir hvatar virka.
- SI fagna því að engar breytingar séu boðaðar á hámarki eða hlutfalli skattfrádráttar vegna R&D í fjárlagafrumvarpinu og að áframhaldandi stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki sé boðaður. Samtökin sýna fyrirætlunum um aukið eftirlit með framkvæmdinni skilning og hafa kallað eftir nánú samráði varðandi þær breytingar.
- Skattahvatar R&D leiða til aukinnar verðmætasköpunar með auknum fjárfestingum í nýsköpun í iðnaði enda leiðir slík fjárfesting til hærri framleiðni sem eflir og bætir lífskjör á Íslandi til framtíðar.
- Heilt yfir telja SI áherslur málaflokksins skýrar og hvetja til þess að tryggt verði að Tækniþróunarsjóður verði áfram burðugur til að styðja við sprotafyrirtæki á fyrstu stigum og ekki verði dregið úr þar.

Mennta- og mannauðsmál

- Framboðshlið hagkerfisins þarf að efla með því að auka fjölda iðn- og STEAM-menntaðs vinnuafls (vísindi, tækni, verkfræði, listir og stærðfræði). Þrátt fyrir aukna eftirspurn á vinnumarkaði eftir iðnmenntuðum starfsmönnum, er á bilinu 600-1.000 nemendum vísað frá iðnnámi árlega, bæði á haust- og vorönn. Helstu ástæður þessara synjana eru skortur á fjármagni og húsnæði.
- Mikilvægt er að tryggja nægilegt fjármagn til Rafmenntar til að styðja við rafvirkjanám fyrir þá sem eru 20 ára og eldri og mæta vaxandi eftirspurn eftir rafvirkjum. Skortur á rafvirkjum á næstu árum mun hafa veruleg áhrif á atvinnulífið og vöxt orkuiðnaðarins.
- SI fagna áætlunum stjórnvalda um að hraða uppbyggingu verknámsskóla um allt land og styðja við nýjan Tækniskóla. Þetta rímar við áherslur frumvarpsins um að nám sé í takt við þarfar samfélagsins og stuðli að fjölgun útskrifaðra í starfs- og tækninámi. SI kalla jafnframt eftir fjármögnuðum áætlunum til að tryggja þessa þróun.
- Eftirspurn eftir sérfræðingum með STEAM-menntun í hugverkaiðnaði er mikil. Stjórnendur í tækni- og hugverkaiðnaði innan samtakanna áætla að fjölga starfsfólki um 77% á næstu fimm árum, samkvæmt könnun frá febrúar 2024. Þetta þýðir að fleiri en 9.000 ný störf þurfa að verða til á því tímabili.
- Til að mæta þessari eftirspurn, er mikilvægt að greiða götu fyrir komu alþjóðlegra sérfræðinga til landsins, auk þess að gera ferla einfaldari til að laða að erlenda sérfræðinga í samkeppni við önnur lönd.

Orkumál og loftslagsmál

- SI fagna þeim áherslum í frumvarpinu sem snúa að fjárfestingum í framleiðslu og dreifingu raforku til að mæta vaxandi þörf vegna vaxtar samfélagsins og orkuskipta. SI hafa ítrekað lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu raforkumála á Íslandi og hafa komið á framfæri ábendingum í lengri tíma um að allt stefni í raforkuskort, með neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið. SI kalla eftir fjármögnuðum vegvísi um orkuskipti.



- SI leggja áherslu á að gagnsæi ríki um það hvernig innheimt umhverfisgjöld eru raunverulega nýtt til grænna fjárfestinga og nýsköpunar til að ná raunverulegum markmiðum skattlagningar.
- SI gjalda varhug við að vísað er til kostnaðar vegna aðgerða á sviði aðgerðaráætlunar stjórnvalda á sviði loftslagsmála þar sem enn liggur ekki fyrir endanlegt mat á áætluðum kostnaði ásamt mati á loftslagsávinningi af framkvæmd aðgerðanna.
- SI telja mikilvægt að festa í sessi græna hvata og að gjöld sem fyrirtæki eru að greiða fyrir losunarheimildir skili sér til fjárfestinga í nýsköpun og öðrum umbótaverkefnum sem draga úr losun.

1. Styrkja þarf framboðshlið hagkerfisins

Hagkerfið hefur vaxið verulega frá lokum heimsfaraldursins. Verðmætasköpun hagkerfisins á mann var í fyrra sú mesta sem mælst hefur á Íslandi og einnig mikil í alþjóðlegum samanburði. Íslenskur iðnaður hefur leikið stórt hlutverk í þessari þróun og stendur nú undir um fimmtungi verðmætasköpunar hagkerfisins, hlutdeild sem hefur aukist á undanförunum árum. Í iðnaði starfa nú um 51 þúsund manns, sem samsvarar 22% af heildarfjölda starfandi í hagkerfinu. Iðnaður stendur að baki um fjórðung af allri fjölgun starfandi á vinnumarkaði síðan hagkerfið tók við sér að nýju eftir heimsfaraldurinn.

Útflutningstekjur 2023



Útflutningur er nauðsynlegur fyrir góð lífskjör hér á landi. Á síðasta ári skilaði iðnaðurinn 698 ma.kr. í útflutningstekjur, sem nemur 38% af heildarútflutningstekjum þjóðarþúsins. Til samanburðar námu útflutningstekjur ferðaþjónustunnar um 598 ma.kr. (32%) og sjávarútvegsins um 352 ma.kr. (19%).¹ Iðnaður er því stærsta útflutningsgreinin og er þróun hans því sérstaklega mikilvæg.

Skattspor iðnaðarins, þ.e. framlag iðnaðarins til samfélagsins í formi skattgreiðslna, er umfangsmikið sem endurspeglar hvað greinin er stór hér á landi. Nam heildarskattspor iðnaðar 462 mö.kr. árið 2022. Þröngt skattspor iðnaðarins er 213 ma.kr. og er það stærst allra útflutningsgreina. Til samanburðar nam þröngt skattspor ferðaþjónustunnar 92 mö.kr. og sjávarútvegsins 85 mö.kr. árið 2022.

Framlag iðnaðar til efnahagslegrar velmegunar er háð starfsumhverfi hverju sinni. SI fagna í þessu sambandi þeim áherslum sem fram koma í frumvarpinu um að efla samkeppnishæfni. Þau málefni sem mestu skipta eru starfsumhverfi, mannauður, nýsköpun og innviðir en einnig orku- og umhverfismál. Tryggja þarf aukið framboð af grænni orku til fullra orkuskipta og uppbyggingar í iðnaði um allt land, fjölga þarf iðn-, tækni- og verkmenntuðu starfsfólki, greiða þarf götu framkvæmda og setja kraft í innviðafjárfestingu, ekki síst í samgöngum, húsnæði og orkuskiptum. Með umbótum stjórnvalda á þessum sviðum eflist geta hagkerfisins til að skapa verðmæti og störf sem bætir lífskjör landsmanna.

Hægt hefur á vexti iðnaðarins undanfarið. Hefur það haft áhrif á gang efnahagslífsins en landsframleiðsla dróst saman á fyrri helmingi þessa árs. Verðbólgan hefur verið mikil og sveiflukennd. Var hún við verðbólgu markmiði Seðlabankans um mitt ár 2020, fór yfir 10% í upphafi árs 2023 en stendur nú í 5,4%. Upphaflega var verðbólgan að mestu drifin af ytri þáttum, en nú eru innri þættir ríkjandi, þar á meðal framboðstakmarkanir eins og fjallað er um í greinargerð frumvarpsins. Mikil verðbólga dregur úr lífskjörum þjóðarinnar með því að auka óvissu í rekstri heimila og fyrirtækja og rýra samkeppnishæfni og hagvöxt. Seðlabankinn hefur brugðist við verðbólgunni með verulegri hækkun stýrivaxta sem nú standa í 9,00%. Hafa stýrivextir bankans verið þetta háir í yfir heilt ár en bankinn hefur haldið vöxtum uppi þrátt fyrir að verðbólgan hafi lækkað. Háir stýrivextir eru íþyngjandi fyrir fyrirtæki og heimili og kostnaður vegna þrálátrar verðbólgu er mikill. Er það stór þáttur í ástæðu þess að dregið hefur úr vexti iðnaðar og samdráttur mælst í hagkerfinu.

¹ [Iðnaður er stærsta útflutningsgreining, Greining SI júlí 2024](#)

Að ná stöðugleika, ná verðbólgu í markmið Seðlabankans og stýrivöxtum niður á ásættanlegt stig, er afar mikilvægt, en það þarf að gerast með eins litlum efnahagslegum tilkostnaði og hægt er. Við þessar aðstæður er mikilvægt að ríkisfjármálum sé forgangsraðað í þágu þeirra þátta sem styrkja framboðshlið hagkerfisins. Með þessum hætti skapa stjórnvöld skilyrði fyrir bæði stöðugleika og vöxt í hagkerfinu. Með þessum aðgerðum styrkja stjórnvöld samkeppnishæfni Íslands og mynda forsendur fyrir aukna framleiðni, sem aftur leiðir til betri lífsgæða fyrir landsmenn. Samtökin fagna því sérstaklega þeim áherslum í fjárlagafrumvarpinu sem styðja framboðshlið hagkerfisins.

Það er áhyggjuefni að samanburður við önnur lönd sýnir hátt útgjaldastig hins opinbera hér á landi og þróun þess undanfarin ár skort á aðhaldi eftir heimsfaraldurinn. Það er slæmt að það tækifæri sem hagvöxtur síðustu ára gaf hafi ekki verið nýttur til þess að loka fjárlagagatinu. Þessi í stað voru útgjöld aukin. Með aðhaldi í ríkisfjármálum er hægt að vinna á skuldum hins opinbera og styðja við aðgerðir Seðlabankans og aðila vinnumarkaðarins í að tryggja stöðugleika og forsendur fyrir lægri vöxtum.


Umsvif hins opinbera á vinnumarkaði er áhyggjuefni. Vöxtur opinberra starfsmanna er nokkuð stöðugur ef horft er langt aftur í tímann og kjör opinberra starfsmanna eru gjarnan betri en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. SI hvetja stjórnvöld til að taka ábyrgð í þessum efnum og beita sér fyrir heilbrigðum og samkeppnishæfum vinnumarkaði.

Líkt og vikið er að í greinargerð frumvarpsins er verðbólgan nú að stórum hluta til komin vegna mikillar hækkunar á húsnæðisverði. Ríflega helming verðbólgunnar má skýra með hækkun húsnæðisverðs og hefur hlutur húsnæðis í verðbólgunni farið vaxandi undanfarið. Húsnæðisverð hefur hækkað hratt síðustu misseri vegna misvægi í framboði og eftirspurn á þeim markaði. Stór þáttur í því er að of fáar íbúðir hafa verið byggðar þ.e. framboðshlið íbúðamarkaðarins hefur ekki fylgt eftir aukinni eftirspurn. Stjórnvöld þurfa að ráðast að rótum þess vanda með aðgerðum sem draga úr takmörkunum og töfum s.s. með auknu lóðafframboði. Vikið er nánar að stöðu húsnæðismarkaðar síðar í þessari umsögn.

Fjölbreytt efnahagslíf er nauðsynlegt til að tryggja stöðugleika og hagvöxt, því hagkerfi sem byggir á fáum atvinnugreinum er viðkvæmara fyrir sveiflum í einstökum greinum þess. Í því sambandi er ánægjulegt að sjá aukna fjölbreytni í útflutningstekjum þjóðarbúsins, eins og bent er á í greinargerð frumvarpsins. Hugverkaiðnaður hefur vaxið hratt á undanförunum árum og gegnir nú lykilhlutverki sem fjórða stoðin í útflutningi. Greinin hefur möguleika á að verða stærsti útflutningsgeirinn ef vel tekst til. Útflutningstekjur greinarinnar eru áætlaðar yfir 300 ma.kr. á þessu ári, sem er margfalt meira en fyrir fáeinum árum. Drifkraftur frumkvöðla í greininni hefur farið saman með veigamiklum umbótum stjórnvalda sem styðja nýsköpun. Stjórnvöld hafa lykilhlutverki að gegna í því að tryggja nýjum útflutningsgreinum, eins og hugverkaiðnaði, samkeppnishæft rekstrarumhverfi og tryggja áframhaldandi stuðning við nýsköpunarhvatakerfi.

Útflutningur hugverkaiðnaðar

Janúar – júní, í milljörðum kr.



Álagning skatta og gjalda er há hér á landi samanborið við önnur lönd. Samtökin vilja sjá þessa álagningu lækka og vilja að stjórnvöld móti trúverðuga stefnu og aðgerðaráætlun í þeim efnum. Stöðugt og einfalt skattaumhverfi, með lágum álögum og fyrirsjáanlegri framkvæmd, er grundvallarþáttur í samkeppnishæfni fyrirtækja. Það er nauðsynlegt að stilla álögum á fyrirtæki í hóf og nota efnahagslega hvata til að auka hagkvæmni í rekstri. Með því að draga úr álögum á fyrirtæki má efla fjárfestingu og verðmætasköpun, sem styrkir grunn fyrir fyrirtæki að dafna og styðja efnahagslega velsæld landsmanna.

Lykilforsenda þess að íslenskt atvinnulíf dafni og samkeppnishæfni þess aukist er að fyrirtæki starfi í skilvirkum starfsumhverfi þar sem regluverk er skýrt og eftirlit hóflegt. Þannig skapast svigrúm til að fjölga störfum og sækja tækifæri út fyrir landsteinana til að afla nauðsynlegra útflutningstekna. Til mikils er að vinna að einfalda kerfið með sameiningu og fækkun ríkisstofnana og ná þannig fram hagræðingu.

Lög og regluverk um starfsemi iðnfyrirtækja hafa orðið meira íþyngjandi á síðustu árum samkvæmt könnun sem Maskína framkvæmdi fyrir SI í upphafi þessa árs. Könnunin var lögð fyrir stjórnendur iðnfyrirtækja innan raða SI. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja 77% stjórnenda iðnfyrirtækja að lög, regluverk og eftirlit um starfsemi þeirra fyrirtækja hafi aukist á síðustu 10 árum. Ekki nema 2% segja að það hafi minnkað. Einnig kemur fram í könnuninni að mikilvægt sé að einfalda regluverk um rekstur iðnfyrirtækja. Samkvæmt niðurstöðunum segja 65% stjórnenda iðnfyrirtækja að það skipti miklu fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að reglugerðarumhverfi verði einfaldað. Aðeins 14% segja það skipta litlu eða alls engu máli. Samtökin leggja áherslu á einföldun regluverks og skilvirkara eftirlits í þágu aukinnar samkeppnishæfni Íslands og meiri verðmætasköpunar sem er grundvöllur bættra lífskjara landsmanna.

2. Íbúðauppbýgging

Byggingariðnaður og mannvirkjagerð velti rétt rúmlega 600 mö.kr. á síðasta ári. Tveir þriðju af þessari veltu koma frá uppbyggingu opinbera innviði og mannvirkja fyrir atvinnuvegi. Um það bil þriðjungur veltunnar stafar af uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Íbúðaruppbygging er á höndum fyrirtækja í byggingar- og mannvirkjageiranum, sem hafa fjárfest í dýrum búnaði og verðmætu starfsfólki. Þessi fyrirtæki geta annaðhvort byggt á eigin lóðum eða verið verktakar fyrir aðra lóðaeigendur. Nauðsynlegt er að tryggja þeim góð og stöðug starfsskilyrði svo þau geti mætt

eftirspurn eftir íbúðaruppbyggingu og náð markmiðum húsnæðisstefnu til 2038 og aðgerðaráætlun 2024-2028 (mál nr. 509).

Þrískiptur markaður mannvirkjaiðnaðar

Fjármunamyndun í hagkerfinu 2023



Mikill og alvarlegur íbúðaskortur hefur verið hér á landi um nokkurt skeið. Landsmönnum hefur fjölgað hratt, of fáar íbúðir hafa verið byggðar og hefur húsnæðisverð hækkad mikið vegna skorts á framboði. Húsnæðiskostnaður vegur þungt fyrir heimili landsins og hefur mikið vægi í vísitölu neysluverðs. Byggja þarf fleiri íbúðir og skapa þarf góða umgjörð íbúðauppbyggingar um land allt til að mæta fjölbreyttum þörfum almennings og atvinnulífs. Leggja þarf áherslu á fjölbreytta uppbyggingu íbúða af ólíkum stærðum og gerðum, um land allt og fyrir ólíka tekjuhópa. Forgangsraða þarf uppbyggingu innviða í þágu nýrra uppbyggingarsvæða á íbúðarhúsnæði.

Á sama tíma og eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði hefur farið vaxandi hefur starfsumhverfi verktaka verið erfitt vegna aukins kostnaðar og hárar vaxta. Til að geta sinnt hlutverki sínu í íbúðauppbyggingu þurfa fyrirtækin í greininni fyrst og fremst stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi, gott aðgengi að hæfileikaríku starfsfólki og nægt framboð af lóðum til uppbyggingar. Undanfarið hafa miklar verðhækkanir, auknar álögur og hækkun vaxta hægt verulega á uppbyggingunni, eins og kemur fram í talningu HMS á íbúðum í byggingu.² Sérstakt áhyggjuefni er hversu fáar íbúðir eru á fyrstu byggingarstigum og sá samdráttur sem nú mælist í verkefnum arkitekta og verkfræðinga á íbúðamarkaði. Við þessar aðstæður hefur dregið verulega úr byggingu nýrra íbúða, þvert á þarfir landsmanna, og við þessu þarf að bregðast.

Það er vert að nefna að aukin skattlagning á húsnæði hefur verið meðal þeirra kostnaðarliða sem hafa leitt til hækkunar á byggingarkostnaði. Lækkun á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna, úr 60% í 35%, hefur einnig haft áhrif í þessu samhengi.³ Samtökin mótmæla þessari breytingu sem tók gildi á síðasta ári og telja hana illa ígrundaða og byggða á röngum forsendum. Aðgerð þessi hefur aukið kostnað við húsbbyggingar, bætt við aðra þætti sem draga úr hvötum til uppbyggingar, svo sem hækkun vaxta, hækkun á verði aðfanga, auknum launakostnaði og óvissu í hagkerfinu.

Samtökin telja nauðsynlegt að stjórnvöld hækki aftur endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts, vegna vinnu við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, í þeim tilgangi að hvetja til frekari virkni á framboðslið húsnæðismarkaðarins og reyna þannig að sporna gegn alvarlegum framboðsvanda markaðarins sem nú blasir við. Þá benda samtökin einnig á að stjórnvöld geta lagt sitt af mörkum til að sporna gegn þessari þróun með því að einblína á úrræði sem ýta undir framboðshlið húsnæðismarkaðarins. Í þessu sambandi benda samtökin á jákvæða reynslu af hlutdeildarlánum, sem veita ríkisstuðning til tekju- og eignaminni einstaklinga til að eignast húsnæði. Á síðasta ári voru gerðar jákvæðar breytingar á reglugerð um hlutdeildarlán, þar sem

² Niðurstöður talningar HMS á íbúðum í byggingu, september 2024


³ Áframhaldandi samdráttur í byggingu nýrra íbúða, greining SI, janúar 2024

hámarksverð íbúða var uppfært, tekjumörk hækkuð og úthlutunartímabilum fjölgað. Þessar breytingar stuðluðu að aukinni úthlutun lánanna og styrktu uppbyggingu hagkvæms húsnæðis, sérstaklega fyrir tekju- og eignaminni sem eiga erfiðara með að eignast þak yfir höfuðið. Hlutdeildarlán styðja við framboðshlið húsnæðismarkaðarins, þar sem þau stuðla að kaupum á nýjum íbúðum og losa þannig fjármagn hjá verktökum til áframhaldandi íbúðauppbýggingar.

Samtökin vilja þó benda á að efndir stjórnvalda þegar kemur að útgreiðslu hlutdeildarlána hafa verið óásættanlegar undanfarna mánuði. Nauðsynlegt er að endurskoða verkferla við úthlutun lánanna og móta trausta umgjörð þeirra, enda er það markmið stjórnvalda, skv. Húsnæðisstefnu stjórnvalda fyrir árin 2024-2028, að vinna að áframhaldandi uppbyggingu og þróun hlutdeildarlánakerfisins. Fyrirsjáanleiki þarf að ríkja á markaði og það á að vera hægt að treysta því að stjórnvöld standi við gefin loforð og úthluti fjármunum hratt og örugglega. Í júní á þessu ári var veitt fjáráukaheimild á Alþingi til málaflokksins fyrir milljarð en þeir fjármunir hafa ekki skilað sér til HMS og úthlutanir hafa ekki átt sér stað frá því í apríl. Tafir á greiðslum hafa leitt til óvissu og kostnaðar sem verktakar og kaupendur sitja uppi með. Íbúðir hafa staðið auðar en tilbúnar og jafnvel seldar. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig til framtíða og að fjármunir skili sér hratt og örugglega þegar heimild hefur verið veitt fyrir þeim.

Samkvæmt könnunum frá HMS vilja flestir landsmenn búa í eigin húsnæði. Aðeins 8% þeirra sem eru á leigumarkaði kjósa að vera þar áfram. Þrátt fyrir þetta hefur opinber húsnæðisstuðningur beinst meira að leigumarkaðnum en til íbúðareigenda, sem hefur leitt til þess að stjórnvöld hafa óbeint hvatt fólk til að leigja frekar en að eiga sitt eigið húsnæði. Opinber stuðningur fer lítt til framboðshliðar hins almenna eignamarkaðar, þrátt fyrir að framboðsvandinn sé stærsta vandamál íbúðamarkaðarins. Endurskoða þarf aðgerðir stjórnvalda í ljósi þessa.

Húsnæðisstuðningur hins opinbera 2023



Einnig hefur verið bent á að skortur á lóðum kemur í veg fyrir nauðsynlega uppbyggingu og á það sérstaklega við á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins á öll íbúðaruppbygging að eiga sér stað innan skilgreindra vaxtarmarka. Þessi mörk voru sett árið 2014 en síðan hefur fólksfjölgun verið langt umfram spár sem svæðisskipulagið byggir á. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu taka mið af þessum vaxtarmörkum í sínum aðalskipulagsáætlunum. Bæjarstjóri Kópavogs hefur kallað eftir því að sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu sameinist um að endurskoða þessi vaxtarmörk til að auðvelda frekari íbúðauppbýggingu. Samtökin telja nauðsynlegt að svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins verði endurskoðað til ársins 2040 og að vaxtarmörkin verði víkkuð út til að hraða íbúðauppbýggingu. Upphaflegar forsendur svæðisskipulagsins eru brostnar, og íhuga þarf hvort ríkisvaldið þurfi auknar heimildir til íhlutunar í skipulagsmálum til að bregðast við þessum aðstæðum.

3. Samgönguinnviðir

Fjárfesting í efnislegum innviðum styrkir framboðshlið hagkerfisins og leggur grunn að framtíðarhagvexti. Með fjárfestingum í innviðum á borð við hafnir, flugvelli, vegi og brýr eykst samkeppnishæfni og afkastageta þjóðarbúsins, sem aftur leiðir til aukinnar verðmætasköpunar og útflutningstekna. Slíkar fjárfestingar leggja grunn að auknum tekjum ríkissjóðs, sem geta stuðlað að jafnvægi í ríkisfjármálum. Fjárfesting á þessu sviði sparar einnig kostnað, fjölgar störfum og dregur úr sóun á tíma vegna tafa fyrir heimili og fyrirtæki. Aukin framleiðni leiðir síðan til lægri vaxta og minna atvinnuleysis. Ekki síst bætir fjárfesting í innviðum öryggi og dregur úr slysum.


Vegasamgöngur eru okkur sem þjóð afar mikilvægar. Vegakerfið myndar lífæðar samfélagsins og er stór þáttur í verðmætasköpun hagkerfisins og gjaldeyrissköpun. Þrátt fyrir mikilvægi þeirra hefur fjárfesting í kerfinu verið ófullnægjandi undanfarin ár og viðhaldi vegakerfisins hefur ekki verið sinnt sem skyldi.

Samtökin lýsa yfir ánægju með aukin framlög til samgönguframkvæmda, sem munu aukast um 5,7 ma.kr. á milli ára samkvæmt frumvarpinu. Sérstaklega ber að nefna aukin framlög til Betri samgangna í samræmi við uppfærðan samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Einnig verður aukið við nýframkvæmdir og viðhald vegakerfisins, sem er í samræmi við fjármálaáætlun. Framlag til nýfjárfestinga og viðhalds í vegaframkvæmdum eykst um 3 ma.kr. árið 2025 en á móti falla tímabundnar fjárheimildir til sama málaflokks niður um 1,5 ma.kr.

Aukin framlög sem boðuð eru í frumvarpinu duga þó ekki til og gera þarf enn betur. Í skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) um ástand innviða kemur fram að uppsöfnuð viðhaldspörf innviða, eða viðhaldsskuld, nemi um 430 mö.kr. Með viðhaldsskuld er átt við þá fjármuni sem þarf til að koma innviðum landsins í viðundandi horf. Mest er þessi skuld í vegakerfinu, þar sem hún er metin á 160-180 ma.kr. Einnig er umtalsverð skuld í nýfjárfestingum í vegakerfinu. Umferð hefur aukist mikið vegna fólksfjölgunar og fjölgunar ferðamanna, auk þess sem þungaflutningar um vegi landsins hafa aukist verulega. Umferð um þjóðvegi hefur aukist um 67% á síðastliðnum 10 árum, en vegakerfið hefur ekki verið stækkað í takt við þessa aukningu.

Viðhaldspörf og áætlað viðhald í þjóðvegakerfinu

Í milljörðum kr.



SI telja að forsendur fyrir forgangsörðun verkefna á sviði samgöngumála séu óskýrar, sérstaklega í vegakerfinu. Fjárfestingar hins opinbera í innviðum þurfa alltaf að mæta þörfum atvinnulífsins og heimila. Mikilvægt er að leggja áherslu á fjárfestingar í innviðum sem skila


mestri þjóðhagslegri arðsemi. Birta þarf niðurstöður slíkra útreikninga þannig að ljóst er á hvaða forsendum forgangsroðunin byggir.

SI lýsa ánægju sinni með að leiðarljós stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum sé að stöðva hækkun á skuldum hins opinbera. Hins vegar þarf að gæta þess að slíkt sé ekki gert með niðurskurði innviðaframkvæmda og viðhalds. SI taka því undir það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins að ekki er nóg að einblína aðeins á skuldir því arðbær fjárfesting, viðhald innviða og skynsamleg skattastefna, sem styður við verðmætasköpun til framtíðar með réttum hvötum, er einnig mikilvæg til þess að ná niður skuldahlutföllum ríkissjóðs til langs tíma litið. Ótækt er að það skapist svipað ástand og á árunum eftir efnahagshrunið 2008, þegar litlum fjármunum var varið í fjárfestingar og viðhald innviða. Þá varð til mikil skuldasoðun í formi vaxandi viðhaldsþarfar og nýfjárfestinga í innviðakerfinu, sem var skotið á frest og velt yfir á framtíðarkynslóðir. Þetta kom niður á samkeppnishæfni og verðmætasköpun hagkerfisins.

Til að hraða uppbyggingu og nýfjárfestingu innviða benda samtökin einnig á að jákvætt væri að nýta samvinnuleið hins opinbera og einkaaðila. Með réttri beitingu þeirrar aðferðarfræði væri hægt flýta fyrir þjóðhagslega arðbærri fjárfestingu á þessu sviði. Lög um samvinnuverkefni voru sett árið 2020, þar sem Vegagerðinni var veitt heimild til að hefja sex slík verkefni. Nú, rúmum fjórum árum eftir setningu laganna, hafa þessi verkefni enn ekki orðið að veruleika sem samvinnuverkefni. Mikilvægt er að draga lærdóm af reynslunni og gera nauðsynlegar breytingar á lögunum og aðferðarfræði Vegagerðarinnar til að nýta betur þá möguleika sem felast í samvinnu hins opinbera og einkaaðila.

Skatttekjur af ökutækjum og fjárveiting til þjóðvegakerfisins

Hlutfall af VLF



Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir mótun og innleiðingu nýs framtíðartekjuöflunarkerfis vegna umferðar og orkuskipta á kjörtímabilinu. Samkvæmt núgildandi fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar er stefnt að því að tekjur af ökutækjum og eldsneyti nemi 1,7% af landsframleiðslu. Þetta er aukin gjaldtaka miðað við það sem verið hefur frá árinu 2017, en í áætluninni er gert ráð fyrir að færa gjaldtöku til þess sem var að meðaltali á árunum 2010-2017. Vert er að rifja upp að árið 2017 fóru rétt tæplega helmingur marktækra tekna af

umferð til vegagerðar, en um langt skeið hafði aðeins hluti af umferðartekjum runnið til vegagerðar. Þetta skýrir að hluta þá miklu innviðaskuld sem hefur safnast upp á þessu sviði. Samtökin leggja áherslu á að ef til aukinnar gjaldtöku kemur, verði þær tekjur einungis nýttar til uppbyggingar og viðhalds á vegakerfinu þar sem þörfin er veruleg og innviðaskuldin umfangsmikil.

4. Mennta- og mannauðsmál


Til að efla framboðshlið hagkerfisins þarf að auka framboð á menntuðu vinnuafli í iðn- og STEAM-greinum (e. Science, Technology, Engineering, Arts, Mathematics). Mikill vöxtur hefur verið í íslenskum iðnaði á undanförunum árum. Hefur innlent menntakerfi ekki náð að mæta þeirri auknu eftirspurn eftir mannauði sem fylgt hefur þeim vexti. Samkvæmt nýlegri könnun meðal aðildarfyrirtækja SI vantar starfsfólk í 41% iðnfyrirtækja, þar af mest iðnmenntaða starfsmenn, en einnig er umtalsverður skortur á fólki með STEAM-menntun. Þegar horft er til framtíðar er ljóst að þörf fyrir iðnmenntað vinnuafli mun aukast verulega. Til dæmis þurfa fyrirtæki í rafíðnaði að ráða um 800 rafvirkja á næstu fimm árum.⁴

Á sama tíma og skortur er á iðnmenntuðum starfsmönnum á vinnumarkaði hafa 600-1.000 nemendur verið synjað um nám í iðngreinum á hverju skólaári vegna skorts á fjármagni og húsnæði. Í þessu samhengi fagna SI fyrirætlunum mennta- og barnamálaráðuneytisins um stækkun iðnskóla, en kalla jafnframt eftir hraðari uppbyggingu verknámsskóla um allt land og flýta byggingu á nýjum Tækniskóla. Jafnframt þarf að tryggja fjármögnun til reksturs Garðyrkjuskólans á Reykjum og að áætlanir um stækkun skólanna verði fjármagnaðar og tímasettar.⁵

Samtökin leggja einnig ríka áherslu á mikilvægi þess að tryggja fjármagn til náms í raf- og kvikmyndataekni. Fjármögnun fyrir rafvirkjanám nemenda 20 ára og eldri, sem hafa fengið synjun vegna plássleysis, og fyrir kvikmyndataekninám hjá Rafmennt á 3. hæfnisprepi, er ekki tryggð í frumvarpinu. Nauðsynlegt er að tryggja 80-100 ársnemendaígildi til að mæta eftirspurninni á þessum sviðum, sem eru lykilþættir fyrir hraðan vöxt kvikmyndaiðnaðarins á Íslandi, auk þess sem skortur á rafvirkjum mun aukast verulega á næstu árum, vegna væntanlegra umsvifa í orkumálum.⁶

SI kallar einnig eftir auknu samstarfi við stjórnvöld og skólasamfélagið til að hvetja fleiri til náms í iðngreinum og STEAM-greinum. SI kallar einnig eftir því að stjórnvöld vinni markvisst að aðgerðum til að draga úr brottfalli nemenda, svo fleiri ljúki námi.⁷ Ein leið til að efla þessar greinar er að innleiða menntatæknilausnir í skólakerfið. Slíkar lausnir stuðla að því að menntakerfið þróist í takt við þarfir samfélagsins. Þær hafa þegar unnið til verðlauna erlendis

Telur þú að innlent menntakerfi muni mæta færniþörf þins fyrirtækis lítið til næstu fimm ára?



■ Já ■ Nei ■ Veit ekki / vil ekki svara

⁴ Fyrirtæki í rafíðnaði þurfa að ráða 800 rafvirkja á næstu fimm árum, greining SI, febrúar 2024

⁵ Skortur iðnskóla á fjármagni og viðeigandi húsnæði veldur skorti á iðnmenntuðum, greining SI, desember 2023

⁶ Fyrirtæki í rafíðnaði þurfa að ráða 800 rafvirkja á næstu fimm árum, greining SI, febrúar 2024

⁷ 600 -1.000 víðsað frá þegar fleiri þurfa að ljúka iðnnámi, greining SI, nóvember 2023

fyrir að bæta menntunarstig, stuðla að inngildingu og efla tungumálakennslu hjá þeim sem nýta sér íslenskt hugvit í menntatækni.

Stjórnendur aðildarfyrirtækja SI í tækni- og hugverkaiðnaði áætla að fjölga starfsfólki um 77% á næstu fimm árum, sem þýðir að skapa þarf um 9.000 ný störf á þessu tímabili. Í ljósi þessa er afar mikilvægt að einfalda ferla fyrir komu erlendra sérfræðinga, þar sem samkeppnin um slíka starfsmenn hefur aukist verulega. Auk þess er brýnt að lengja tímabil tekjufrádráttar fyrir erlenda sérfræðinga, eins og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar. Svíþjóð hefur til dæmis lengt slíkar skattaívilnanir úr þremur árum í 5-7 ár til að auka samkeppnishæfni landsins. Hér á landi hefur það hins vegar verið vandamál að erlendum sérfræðingum sem íslensk fyrirtæki eru að sækja á samkeppnismarkaði hefur í mörgum tilfellum verið synjað um skattaívilnanir, því hérlandis eru vilyrði fyrir skattaívilnun ekki veitt fyrir fram líkt og gert er í nágrannaríkjum okkar. Rannsóknir OECD sýna að slíkar ívilnanir skili sér margfalt til baka í ríkissjóð⁸. UNCTAD hefur einnig gefið út skýrslur sem sýna að skattaívilnanir skapa hvata fyrir erlent vinnuafli og beinlínis stuðla að aukinni verðmætasköpun með því að efla nýsköpun og tækniyfirburði þeirra landa sem bjóða slíkar ívilnanir.⁹

Niðurstöður nýlegrar skoðanakönnunar SI meðal félagsmanna sýnir að 63% stjórnenda í tækni- og hugverkaiðnaði telja að íslenskt menntakerfi muni ekki uppfylla hæfniskröfur greinarinnar á næstu fimm árum. Ef ekkert er gert til að bregðast við þessu gæti það dregið úr vexti greinarinnar og þar með hamlað framtíðarhagvexti landsins.¹⁰

Framlög til Vinnustaðanámssjóðs hafa hækkað um 150 milljónir króna milli ára, þökk sé nýlegum samningum á vinnumarkaði. Hins vegar er nauðsynlegt að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins. Til dæmis hafa stofnanir á fjárlögum sótt um styrki úr sjóðnum, en hann er hugsaður til að styðja fyrirtæki sem taka að sér starfsnema. SI hvetja stjórnvöld til að auka framlög í Vinnustaðanámssjóð verulega. Ljóst er að framlög þurfa að tvöfaldast til að mæta fjölgun starfsnámsnema. Þegar sjóðurinn var stofnaður árið 2012 fengu fyrirtæki 20.000 kr. á viku fyrir hvern starfsnema sem þau þjálfuðu. Þessi upphæð hefur farið lækkandi með aukinni aðsókn, og árið 2022 var greiðslan komin niður í 7.800 kr. á viku á hvern nemanda sem fyrirtæki tók að sér.¹¹ SI hvetja einnig stjórnvöld til að tryggja fjármögnun fyrir Nemastofu atvinnulífsins, sem hefur verið án fjármagns frá árinu 2023. Hlutverk Nemastofu er að stuðla að fjölgun faglærðs starfsfólks í atvinnulífinu, meðal annars með því að fjölga fyrirtækjum og iðnmeisturum sem taka að sér starfsnema, efla kennslu og þjálfun iðnnema á vinnustað og auka gæði iðnnáms almennt.

5. Nýsköpun

Eitt mikilvægasta og áhrifamesta tæki ríkisins til að hafa áhrif á framtíðarhagvöxt og verðmætasköpun eru skattahvatar vegna rannsókna og þróunar (R&D). Hafa umræddir skattahvatar nú þegar sannað gildi sitt en heildarfjárfesting í R&D sem hlutfall af landsframleiðslu jókst úr 2% í 2,8% frá árinu 2018 til 2021. Árið 2022 var hlutfallið 2,66%.% en endanleg tala fyrir árið 2023 liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað. Meirihluti fjármagns og fjárfestinga í R&D kemur frá fyrirtækjum, þ.e.a.s. einkaaðilum. Í úttekt OECD frá árinu 2023 á kerfi skattahvata vegna R&D kom fram að þeir hefðu haft jákvæð áhrif á umfang og afkomu fyrirtækja í hugverkaiðnaði, leitt til fjölgunar verðmætra starfa og tryggt betri launakjör fyrir

⁸ [OECD](#)

⁹ [UNCTAD](#)


¹⁰ [Vænta 77% fjölgunar starfsfólks í tækni- og hugverkaiðnaði á næstu fimm árum, greining SI, febrúar 2024](#)

¹¹ <https://www.rannis.is/frettir/uthlutun-ur-vinnustadanamssjodi-2022>

starfsfólk.¹² Að mati OECD er þetta jákvæð þróun þar sem hagsæld þjóða til lengri tíma litið helst í hendur við fjárfestingu í R&B. Hér má sjá þróun á fjárfestingu einkageirans í R&B og til samanburðar heildarframlag ríkisins.

Fjármagn til rannsókna og þróunarstarfs

Í milljörðum kr.



SI fagna því sérstaklega að ekki eru boðaðar breytingar á þaki og hlutfalli skattfrádráttar vegna R&B í fjármálaáætlun og áframhaldandi stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki er boðaður. Samtökin sýna fyrirætlunum um aukið eftirlit með framkvæmdinni skilning og taka undir mikilvægi þess að kerfið sé skilvirkt og stuðningur rati til fyrirtækja sem skapa verðmæti, útflutningstekjur og eru skalanleg á alþjóðamörkuðum og hafa óskað eftir nánú samráði um þær breytingar sem framundan kunna að vera á framkvæmd skattfrádráttarins. Vert er að benda á að yfir 90% af framlögum ríkisins vegna R&B renna til fyrirtækja í iðnaði sem endurspeglar þá staðreynd að nýsköpun á sér fyrst og fremst stað í iðnaði þó afrakstur hennar sé hagnýttur í flestöllum atvinnugreinum og sviðum samfélagsins.

Í greiningu SI frá október 2023 kemur einnig fram að skattahvatar R&B leiði til aukinnar verðmætasköpunar með því að auka fjárfestingar í nýsköpun í iðnaði. Leiðir sú fjárfesting til hærri framleiðni sem eflir og bætir lífskjör á Íslandi.¹³ Fjárfesting í R&B styrkir framboðshlið hagkerfisins og vilja SI því hvetja stjórnvöld áfram á þeirri vegferð að styðja við fjárfestingu í R&B. Leggja samtökin ríka áherslu á að skattahvatarnir verði festir í sessi til lengri tíma en fimm ára í senn en það mun gera fyrirtækjum kleift að gera langtímaáætlanir og skapa fyrirsjáanleika.

SI telja áherslur í málaflokkum í heild, nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, jákvæðar og vilja hvetja stjórnvöld áfram á þeirri braut sem hefur verið mörkuð síðustu ár. SI telja eftirfarandi áherslur sérstaklega góðar;

- Mótun heildstæðrar löggjafar á sviði gervigreindar. Framkvæmd aðgerðaáætlunar um gervigreind, m.a. til að auka skilvirkni í opinberum rekstri.
- Samstarfsverkefni háskóla, heilbrigðisstofnana og atvinnulífs um innleiðingu nýsköpunar í heilbrigðisvísindum, þ.m.t. innleiðing gervigreindar, í samræmi við aðgerðaáætlun í gervigreind.
- Stefna og aðgerðaáætlun um sjálfbæran iðnað.

¹² [Evaluating the effects of the R&D tax credit in Iceland, OECD, 2023](#)

¹³ [Skattahvatar rannsókna og þróunar auka framleiðni og bæta lífskjör, greining SI, október 2023](#)

Samtökin hvetja jafnframt til þess að Tækniþróunarsjóði verði áfram tryggt sambærileg fjármagn og síðustu ár og verði áfram einn af hornsteinum stuðnings ríkisins við nýsköpun á Íslandi.


6. Orku- og umhverfismál

Næstu ár verða mjög krefjandi þegar kemur að orkumálum á Íslandi. Bruni jarðefnaeldsneytis hefur aukist samhliða vexti hagkerfisins og skerðingum á afhendingu raforku. Framboð raforku, eða í það minnsta uppsett afl, mun aukast hægt komandi ár, og fram að því verður skortur sem mun hafa ýmsar birtingarmyndir eins og skerðingar á afhendingu og hugsanlegar verðhækkanir. Endurspeglast sá alvarleiki í nýlegri raforkuspá Landsnets fyrir árin 2024-2050. Hér eins og á öðrum sviðum þurfa stjórnvöld að styrkja framboðshlið hagkerfisins með því að greiða fyrir aukinni raforkuöflun.

SI fagna áherslum í frumvarpinu er viðkemur áherslum á sviði afhendingaröryggis raforku og aðgengi að áreiðanlegri orku á landsvísu jafnað með styrkingu dreifikerfis en að mati samtakanna er þó mikilvægt að leita varanlegra lausna á raforkumálum, hvort sem það varðar framboð eða afhendingaröryggi. SI hafa ítrekað lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu raforkumála á Íslandi og hafa komið á framfæri ábendingum í lengri tíma um að allt stefni í raforkuskort, með neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið. Í þessu samhengi benda SI á að í greiningu samtakanna, sem birt var sl. vor, kemur m.a. fram að raforkuskerðingar í orkusæknum iðnaði á liðnu ári hafi haft í för með sér 14-17 ma. kr. tap í útflutningstekjum. Í sömu greiningu kemur fram að áhrif á útflutningstekjur í ár verða enn meiri ef grípa þarf til skerðinga næsta vetur, eins og útlit er fyrir. Tapaðar útflutningstekjur vegna skerðinganna eru 3,7%-4,5% af útflutningstekjum orkusækisins iðnaðar á síðasta ári. Ef miðað er við efri mörk matsins er það tæplega 5% af útflutningi sjávarafurða á síðasta ári og tæplega helmingur þess sem loðnuvertíðin skilaði í fyrra. Einnig samsvarar tapið tæplega 3% af tekjum af erlendum ferðamönnum á síðasta ári.

Tapaðar útflutningstekjur vegna raforkuskerðingar Landsvirkjunnar

Janúar 2024 - maí 2024, í milljónum kr.



SI hafa því ítrekað kallað eftir viðbrögðum stjórnvalda um að beita öllum tiltækum ráðum til að ráðast að rót vandans. Stöðugt og tryggt framboð raforku er grunnur að atvinnu- og byggðarþróun sem og verulega mikilvægt öryggismál fyrir bæði almenning og atvinnulíf um land allt. Þá vísast einnig til innviðaskýrslu SI frá árinu 2021 þar sem umfjöllun er um ástand raforkuinnviða, s.s. raforkuvinnslu, og framtíðarhorfur í þeim málaflokki. Þar kemur skýrt fram mikilvægi þess að samfella sé í afgreiðslu virkjanakosta í gegnum rammaáætlun og Alþingi.¹⁴

¹⁴ [Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur, SI 2021](#)

Auk þess er ein grunnforsendan að jafnvægi sé til staðar á markaðnum svo fyrirtæki í raforkuvinnslu nái áfram að sinna mikilvægu viðhaldi. Of miklar sveiflur í stefnu stjórnvalda gætu raskað þessu jafnvægi. SI styðja því aðgerðir sem stuðla að auknu raforkuframboði og öryggi í afhendingu þess og hvetja til aðgerða til að takast á við þessar áskoranir.

Að gefnu tilefni vísa SI til umfjöllunar á bls. 143 þar sem umfjöllun er um framlög til umhverfis- og orkumála þar sem kveðið er á um 1,1 ma.kr. tímabundið framlag til tveggja ára vegna losunarheimilda sem ráðstafað verður til flugfélaga en hins vegar er gert ráð fyrir 0,5 ma.kr. varanlegri hækkun til ráðstöfunar í orkumál með áherslu á græna orkuöflun, stuðning við ör- og smávirkjanir og verkefni sem stuðla að bættri orkunýtni. Í þessu samhengi ítreka SI að losun frá samgöngum er ein stærsta áskorun er viðkemur aðgerðum á sviði loftslagsmála. Í þeirri vegferð að draga úr losun munu orkuskipti skipta þar höfuðmáli og því telja SI að til lengri tíma litið væri fjárfesting í grænni orkuöflun heppilegra skref en tilfallandi kaup á losunarheimildum.

Því næst vísa SI til umfjöllunar um umhverfis- og loftslagsmál í fyrirbyggjandi frumvarpi. Hvað þann málaflokk varðar ítreka SI mikilvægi þess að tryggja fjármögnun aðgerða, sér í lagi þeirra sem hafa skírskotun til yfirstandandi endurskoðun á aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum, sbr. m.a. tilvísun til þeirrar vinnu á bls. 101 í fyrirbyggjandi frumvarpi. SI benda einnig á í því samhengi að á liðnu ári birtu SI ásamt öðrum samtökum innan vébanda Samtaka atvinnulífsins metnaðarfulla geiranálgun þessara samtaka á sviði umhverfis- og loftslagsmála, sbr. Loftslagsvegvisar atvinnulífsins.¹⁵ Var sú vinna unnin í náinni samvinnu við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti enda rík skörun á milli aðgerðar í þessum vegvísun sem og áðurnefndrar áætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum. Er því um að ræða sameiginlegt hagsmunamál atvinnulífs og stjórnvalda á því sviði. SI ítreka því mikilvægi þess að við ákvörðun fjárlaga sé fullt tillit tekið til þess að tryggja framgang þeirra verkefna sem nauðsynleg eru til að ná bættum árangri á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Þannig er t.a.m. mikilvægt að efla og styrkja þá grænu hvata, s.s. opinbera sjóði eða skattalega hvata, sem nauðsynlegir eru til að ná settum markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutleysi. Hins vegar, eins og m.a. kemur fram í umsögn SI um umrædda aðgerðaráætlun, þá liggur fyrir að einungis hluti þeirra 150 aðgerða, sem kynntar eru, hafa verið metnar að teknu tilliti til kostnaðar. Í því samhengi vísa SI hér til lokamálsliðar 1. mgr. 5. gr. laga um loftslagsmál, nr. 70/2012, þar sem segir orðrétt að í aðgerðaráætlun skuli koma fram mat á áætluðum kostnaði ásamt mati á loftslagsávinningi af framkvæmd aðgerðanna. Í almennum athugasemdum við frumvarp til laga nr. 86/2019, sem núverandi 5. gr. grundvallast á, er um leið ítrekuð sú kvöð sem innleidd var í lög um loftslagsmál um að kostnaðarmeta aðgerðir. Ríkir því óvissa um kostnað þeirra sem að óbreyttu hefur áhrif á samspil við opinber fjármál og áætlanagerð.

Þá ítreka SI í þessu samhengi fyrri ábendingar samtakanna um mikilvægi þess að tryggja gagnsæi hvað varðar innheimt umhverfisgjöld og hvort og hvernig þeir fjármunir eru raunverulega nýttir til nýsköpunar og grænna fjárfestinga. Að mati samtakanna er verulega úrbóta þörf til að bæta úr þeim ágalla að umhverfisgjöld renni ekki beint til þessara verkefna til að skapa traust til þess að umrædd gjöld séu sannarlega nýtt í grænar fjárfestingar. Vísa samtökin hér máli sínu til stuðnings til ábendinga í skýrslu OECD frá árinu 2019 þar sem segir, á bls. 35, eftirfarandi: „*To address distributional concerns, to avoid an unwarranted increase in the tax burden and to overcome political economy obstacles, CO2-tax proceeds could partially or fully be reimbursed to businesses and citizens, as done in Switzerland*“. Enn eru tækifæri til að auka á skýrleika á milli innheimtra umhverfisgjalda og hvernig þeim er ráðstafað og skora samtökin á stjórnvöld að bæta þar úr og tryggt verði að innheimt gjöld, s.s. vegna sölu á ETS-

¹⁵ [Loftslagsvegvisar atvinnulífsins, 2023](#)

heimildum eða gjaldtöku kolefnisgjalda, renni aftur til atvinnulífs í formi hvata eða styrkja á sviði umhverfis- og orkumála og tryggi þannig framgöngu þeirra mála á því sviði sem lagt er upp með í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi.

7. Íslensk kvikmyndagerð

Í fjárlagafrumvarpinu er fyrirhugaður niðurskurður á framlögum til Kvikmyndasjóðs. Íslensk kvikmyndagerð hefur verið í miklum vexti á síðustu árum og er tekið fram í frumvarpinu að hver króna sem ríkið setji í endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar hafi skilað sér í tæplega sjö krónum fyrir íslenskt efnahagslíf. Það skýtur því skökku við að í fjárlagafrumvarpi er fyrirhugaður enn frekari niðurskurður á framlögum til Kvikmyndasjóðs, sem nú nemur 1.023 m.kr. Er það í beinu ósamræmi við markmið stjórnvalda eins og þau eru skilgreind í Kvikmyndastefnu til ársins 2030. Í þeirri stefnu er styrking Kvikmyndasjóðs eitt af meginmarkmiðum stjórnvalda. Sterkari Kvikmyndasjóði er ætlað að tryggja að kvikmyndagerð á Íslandi blómstri, með fjölbreyttum kvikmyndaverkum sem styrkja íslenska tungu og menningu. Ljóst er að samkeppnishæfni íslensks kvikmyndaiðnaðar hvílir á stoðum öflugs sjóðakerfis og styrkjum sem gera íslenskum framleiðendum kleift að sækja fjármagn erlendis frá, enda eru vilyrði frá Kvikmyndasjóði forsenda slíkra styrkja.

Þvert á markmið Kvikmyndastefnu hafa stjórnvöld á síðustu árum dregið verulega úr framlögum í Kvikmyndasjóð. Framlag stjórnvalda í Kvikmyndasjóð hefur ekki verið lægri frá árinu 2018 þegar framlagið nam 994,7 m. kr. Sú upphæð er á núvirði 1.410 m. kr. og því ljóst að raunverulegur niðurskurður er mun meiri en tölur gefa til kynna.

Samtökin leggja áherslu á mikilvægi vaxtar greinarinnar og hvetja stjórnvöld til að sýna vilja í verki í samræmi við Kvikmyndastefnu til ársins 2030. Fyrirhuguð fjárveiting í Kvikmyndasjóð er andstæð þeim markmiðum sem sett eru fram í Kvikmyndastefnu og til þess fallin að draga úr möguleikum íslenskrar kvikmyndagerðar til að dafna og standa jafnfætis á alþjóðlegum vettvangi.


Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka iðnaðarins



Sigurður Hannesson

framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins



Ingólfur Bender

aðalhogfræðingur Samtaka iðnaðarins